

Hollt og gott fyrir þjóðarsálina

Sumir menn eru þúsundþjalasmiðir. Einn þeirra er Páll Hersteinsson sem hefur skrifað áhugaverðar bækur um lifnaðarhætti refa á Hornströndum. Nú hefur hann tekið sig til og gefið út tíu smásögur eftir sjálfan sig á eigin kostnað og m.a.s. hannað bókarkápuna sjálfur. Allt þetta ferst honum ágætlega úr hendi. Smásagnasafn Páls heitir því hógværa nafni Línur. Efni sagnanna má skipta gróflega í tvo flokka, annarsvegar eru sposkar gamansögur með óvæntum uppákomum og endalokum og hinsvegar uggvekjandi sögur eða furðusögur. Til fyrri flokksins telst t.d. saga sem heitir Hið ljúfa líf, fyndin og dramatísk saga um viðskipti tveggja námsmanna við mafíósa í Rómaborg. Í seinni flokknum eru sögur eins og Bylur og Drengur eða hundur. Í Byl er fjallað um ábyrgð manns á meðbræðrum sínum á mjög séríslenskan og sannfærandi hátt. Drengur eða hundur tilheyrir síðarnefnda flokknum og er sísta sagan í bókinni. Við lestur hennar rifjast upp hin þekktu og snjalla smásaga Halldórs Stefánssonar, Sori í bráðinu, þar sem drengur breytist í hund eins og í sögu Páls. Þessi samanburður er engan veginn hagstæður Páli. Dulúðin og sálfræðilegt innsæið sem hafa haldið sögu Halldórs sígildri eru víðs fjarri.

Páli tekst betur upp í gamansögum sínum, sá frásagnarháttur lætur honum allvel. Í heild eru sögurnar auðlesnar og mjög skemmtilegar. Byggingin er hefðbundin og framvindan létt og leikandi. Hér er engin tilgerð á ferð, engar flækjur, frásögnin liðast áfram eins og mjúk lína og lesandinn brosir öðru hvoru í kampinn sátur við tilveruna. Helsti gallinn er sá að endir sagnanna er stundum ódýr, það er eins og höfundur gæti þess að vera ekki of krefjandi, óþægilegur eða ágengur. Sérstaklega er það áberandi í Byl en sú saga hefdi örugglega haft dýpri áhrif og verið eftirminnilegri með sorglegum endi. Persónur Páls eru sannfærandi og heiðarlegar en hann fer fullmjúkum höndum um þær. Aðalpersónur sagnanna eru allar karlkyns, ýmist afar venjulegir meðaljónar eða mjög óvenjulegir menn. Sem dæmi um hvorutveggja mætti nefna mann að kaupa inn á leið heim úr vinnu (Blóðþrýstingur) og mann sem breytir sér í flugu í sérstæðri sögu sem heitir Frelsi. Báðir þessir menn verða ljóslifandi í hugskoti lesanda.

Mikið hefur verið rætt um það á undanförunum árum hvort hin sanna séríslenska frásagnarlist sé á undanhaldi. Af bók Páls að dæma er sú hættu ekki fyrir hendi. Hefðbundnar sögur af fólki, einkennilegum mönnum og eftirminnilegum atburðum eiga ávallt greiðan aðgang að þjóðarsálinni. Sögur Páls eru skemmtilegar, hugljúfar og vel skrifaðar og einkennast af sannri frásagnargleði. En ég hefði viljað lesa meira á milli línanna.

Páll Hersteinsson
Línur
Ritverk, 1999

Bókmenntir
Steinunn Inga Óttarsdóttir